

FÉLAG RANNSÓKNASTJÓRA Á ÍSLANDI

Ársskýrsla 2013 - 2014

Í skýrslunni er sagt frá því sem var efst á döfinni hjá félaginu á fyrsta starfsári þess 2013.

Ásta Sif Erlingsdóttir

4/1/2014



FÉLAG RANNSÓKNASTJÓRA Á ÍSLANDI

Ársskýrsla 2013 - 2014

UM FÉLAGIÐ

Félagið var stofnað 19. nóvember 2012.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- rannsóknastjórar deili með sér þekkingu
- halda sameiginleg námskeið fyrir rannsóknastjóra
- auka vægi rannsóknastjóra sem einnar heildar í rannsóknnaumhverfinu
- og síðast en ekki síst nýta mátt fjöldans ef þrýsta þarf á „kerfið“

Og þátttaka í norrænu/evrópsku og alþjóðlegu samstarfi rannsóknastjóra.

30 félagar skráðu sig í félagið fyrsta árið, og hófst félagsstarfið með aðalfundi 24. apríl 2013. Kosið var til stjórnar og voru allir stjórnarmenn tilbúnir að halda áfram í stjórn.

STJÓRNIN ER ÞANNIG SKIPUÐ:

Formaður Ásta Sif Erlingsdóttir, Háskóla Íslands

Gjaldkeri Kristján Kristjánsson, Háskólanum í Reykjavík

Ritari Oddný Gunnarsdóttir, Landspítala-háskólasjúkrahúsi

Varmenn:

Anna Kristín Daníelsdóttir, Matís

Ólöf G. Sigfúsdóttir, Listaháskóla Íslands

Apríl 2014

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn hélt 4 fundi á árinu. Allar fundargerðir voru birtar jafnóðum á vef félagsins.

FÉLAGSMENN

Í upphafi árs 2014 eru skráðir félagar 34.

FJÁRMÁL

Í lok tímabils er eiginfjárstað góð. Gjaldkeri gerir nánar grein fyrir fjármálum.

VEFSÍÐA

Vefsíða Félags rannsóknastjóra á Íslandi: <http://icearma.is/> var komin í loftið haustið 2013 – þar eru nú upplýsingar um lög félagsins, félagatal, fundargerðir, fréttir og krækjur á systursamtök okkar í nokkrum löndum. Hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með á síðunni og skoða vefsíður systursamtaka.

Alþjóðlegt samstarf

Ákveðið var að skrá Félag rannsóknastjóra á Íslandi í evrópsk samtök rannsóknastjóra; EARMA, og eiga allir félagar í íslenska félaginu þannig einnig aðild að EARMA. Um leið og félagið hafði verið skráð í EARMA fóru að berast boð um þátttöku í ýmsum ráðstefnum, verkefnum og samstarfi.

Má þar nefna að t.d. tóku nokkrir félagsmenn þátt í árlegri ráðstefnu EARMA sem að þessu sinni var haldin í Vín í byrjun júlí. Var ráðstefnan mjög áhugaverð og gagnleg.

COST verkefni

Haft var samband við félagið og okkur boðið að vera með í COST umsókn um samstarf rannsóknastjóra í Evrópu. Umsóknin fékkst samþykkt og er verkefnið BESTPRAC þegar hafið. Tveir fastir fulltrúar félagsins taka þátt í verkefninu, auk þess sem fjórir aðrir einstaklingar hafa skráð þátttöku í einstökum vinnuhópum

VIÐBURÐIR

Eins og segir í markmiðum félagsins þá verður í félagsstarfinu leitast við að skapa vettvang fyrir rannsóknastjóra til að deila með sér þekkingu og einnig að fá utan að komandi aðila til að koma og kynna það sem þeir eru að gera og nýta samtakamátt okkar til að þrýsta á kerfið.

Til að fylgja eftir þessum markmiðum voru haldnir þrír fundur með kynningum erlendra aðila á tímabilinu.

- 17. september 2013 - Fundur um PURE – þar sem fulltrúar CBS (Copenhagen Business School) kynntu fyrir félögum hvernig PURE gagnagrunnurinn er nýttur hjá þeim og þá sérstaklega hvernig hann er nýttur til að halda utan um verkefni vísindamanna.
- 12. desember 2013 - Fundur með John Westensee forstöðumanni Rannsóknabjónustu Árósháskóla, en þar hefur þátttaka í verkefnum styrktum af rammaáætlunum ESB gengið sérlega vel og þá sérstaklega þátttaka í ERC verkefnum.
- 26. febrúar 2014 – Fyrirlestur um þróun fjármögnunarferla í rannsóknum – „*Developing the quality of funding processes*“ Fyrirlesari dr. Jørgen Staunstrup, konrektor, Upplýsingatækniháskólans í Kaupmannahöfn (IT University of Copenhagen).

Styrkur vegna undirbúnings á starfi félagsins og til þess að bjóða hingað gestafyrirlesurum fékkst frá Samstarfsnefnd opinberu háskólanna.

SAMSTARF JAFNT INNLENT SEM ERLENT

Samstarf rannsóknastjóra er mikilvægt jafnt innan lands sem utan og hvetjum við rannsóknastjóra til að kynna sér hina ýmsu möguleika sem gefast á samstarfi. Eins og áður er sagt frá í þessari skýrslu þá er Félag rannsóknastjóra á Íslandi aðili að EARMA – Evrópuamstarfi rannsóknastjóra, en það félag á aðild að alþjóðlegum samtökum rannsóknastjóra iNORMS. EARMA heldur árlega stóra ráðstefnu þar sem fjallað er um það sem helst er á döfinni í Evrópu, kynntar eru rannsóknáætlanir og styrkjámöguleikar og komið á samstarfi. Ráðstefnan í ár verður í Tallinn í Eistlandi í byrjun júlí. iNORMS heldur ráðstefnu annað hvert ár – og var ráðstefnan í ár haldin í Washington í apríl.

Við hvetjum alla féлага til að taka þátt í þessum viðburðum, að okkar mati, sem höfum sótt þá, fæst ómetanleg reynsla með þátttöku